
FUNDARGERÐ

Fundur:	87. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Miðvikudagur 27. apríl 2005, kl. 13:30-16:00
Fundarstaður:	Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi
Fundarefni:	1) Gæði raforku og reglugerð. 2) Skráning í nýju Landsneti. 3) Breytingar á skráningarkerfi, tillögur frá OR. 4) Staða skráningar og gögn ársins 2004. 5) Kostnaður vegna skorts. 6) Uppflettikerfi fyrir kostnað í truflunum. 7) Ný heimasíða. 8) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Nils Gústavsson
Steingrímur Jónsson
Ólafur Pálsson
Rúnar S. Svavarsson
Kristín Haralda Cecilsdóttir
Ragnar Emilsson (fyrir Jakob Ólafsson)
Jón Vilhjálmsson
Egill Sigmundsson
Sigfús Guðlaugsson
Gunnar Haukur Gunnarsson

Verkfræðistofan Afl:
Fjarverandi:

1) JV dreifði svörum frá Ívari varðandi þær spurningar sem fram komu á síðasta fundi.

Spurning 1) Af hverju voru kröfur um tíðni breytt frá uppkasti?

Svar Ívar: Ég hef farið í gegnum atriði 1) og rifjað upp að Ísal gerði athugasemdir við nokkur atriði í reglugerðinni, þar á meðal um tíðni. Ég var spurður um afstöðu mína til breytinga á stuðlum og viktörkum í reglugerðinni varðandi tíðnina. Ég ræddi við þig um helstu frávík milli reglugerðar og staðals (þar sem ég hafði ekki staðalinn). Ég minntist umræðna í vinnuhópnum um eyjarekstur hluta kerfisins og ræddi við Rarik um það. Ég ræddi ekki við Nils, en í upphaflegum gögnum frá Landsvirkjun voru bæði skilyrðin inni. Síðara skilyrðið var samt tekið inn á einum af fyrstu fundum vinnuhópsins. Minn skilningur á reglugerðinni var og er sá að í henni sé gerð grein fyrir mælikvörðum OS til mats á gæðum raforku. Reglugerðin komi ekki í stað staðla og sé þeim ekki

fremri og ekki sé nauðsynlegt að mæla alla þætti sem lúta að gæðum spennu og tíðni (auk þess sem enginn staðall sé um gæði afhendingar raforku). Ég taldi því óþarft að taka þetta inn í reglugerðina, sem þó yfirvinnuhópurinn gerði, í í honum var m.a. Þórður Guðmundsson. Ég þarf í reynd að fá betri skilning á tilgangi og markmiðum reglugerðarinnar og viðurkenni það hér með.

Spurning 2) Hve mikið mál er að gera breytingar á reglugerðinni. Norðmenn hafa breytt sumum kröfum sínum nýlega frá því sem þeir voru með þegar við vorum að vinna þetta. Þar er um að ræða Spennublíkk, Spennubrep og Bjögun:

Svar Ívar: Sé það almenn skoðun að reglugerðin sé gölluð, kröfur of miklar, þ.s. aðgerðir til lausnar séu of kostnaðarsamar á móti óverulegri rýrnun gæða, ný sjónarmið, þróun í nágrannalöndunum o.s.frv. Allt tekur tíma, en breyting ætti ekki að vera neitt vandamál. Ég þarf að skapa mér tíma til að kynna mér betur nýju norsku reglugerðina.

Auk þess má nefna af nauðsynlegt er að hefja umræður um viðurlög, útfærslu á þeim og fá fram vilja stjórnvalda til slíks. Í þessu sambandi myndi þurfa að breyta lögnum.

NG sagði að Landsnet vildi að JV uppfærði stuðla sem miðað er við í reglugerð og að reiknaðir væru stuðlar fyrir núverandi umfang flutningskerfisins. Allir voru sammála um að hann uppfærði stuðla fyrir öll fyrirtækin og lagfærði skýrslu í samræmi við það.

- 2) NG sagði að Páll Magnússon hefði sent veitunum eyðublað sem ætti að senda Landsneti mánaðarlega varðandi fyrirvaralausar truflanir í þeim hluta flutningskerfisins sem er í stýringu og gæslu viðkomandi veitu. Hann sagði að áfram ætti hver veita að skrá truflanir hjá sér í þeim kerfiseiningum sem fluttust til Landsnets um áramót.
- 3) RSS sagði að í ljós hefði komið við yfirferð á skýrslum síðasta árs að nokkuð væri um sömu athugasemdir og undanfarin ár. Hann, KHC og JV hefðu farið yfir þær talið að æskilegt væri að gera breytingar á skráningu C skýrslna til að auðvelda hana. KHC fór yfir atriði sem hún vildi breyta.
 - a) Breyta texta á nokkrum stöðum á eyðublaðinu til að gera hann skýrari.
 - b) Minnka skráningu á viðhaldstilvikum svo sem hvað varðar breytingar á einlínunmynd (kalla fremur kerfismynd).
 - c) Lagfæra skráningu götuljósa svo allt sem tilheyrði götuljósum fengi Götuljós sem meginflokk.
 - d) Skipta á milli tengiskáps og heimtaugar.

SJ sagðist ekki vera sammála þessu öll svo sem hvað varðar viðhaldið. JV sagði einnig koma til greina að setja inn á skráninguna fleiri skilyrði, setja inn default gildi

- háð því sem búið er að skrá eða láta einstök atriði hverfa háð því. Einnig nefndi KHC að á B blaði mætti aðgreina aðveitustöð og dreifistöð. **KHC mun senda tillögur að breytingum til JV fyrir 10 maí og SJ og RE munu fara yfir þær og koma með sínar athugasemdir. JV mun síðan taka saman tillögur að breytingum á skráningarkerfi og koma með heildartillögur að breytingum fyrir 17. maí.** Dreifiveiturnar munu síðan hittast og fara yfir þessar tillögur.
- 4) NG sagði að búið væri að ganga frá skráningu síðasta árs hjá Landsenti og skýrsla yrði tilbúin í maí. KHC sagðist að búið væri að fara yfir skýrslur Orkuveitu Reykjavíkur og verið væri að lagfæra þær og það sama sagði RE varðandi Orkubú Vestfjarða. SJ sagði að ekki væri búið að ganga frá skráningu Rarik söku anna hjá honum. JV sagðist ekki hafa upplýsingar um stöðu skráningar hjá Hitaveitu Suðurnesja eða Norðurorku. **Ákveðið var að miða við að gögn verði komin til JV 20. maí svo hann geti reiknað út stuðla sem eiga þá að vera tilbúnir 5. júní.**
 - 5) JV fór yfir drög 1 að skýrslu um kostnað vegna skorts. Hann benti á norska skýrslu þar sem reiknaður er KILE kostnaður og þeir eru þá með meiri sundurgreiningu eftir atvinnustarfsemi en við höfum verið með. Einnig er kostnaðurinn í sumum flokkum nokkuð frábrugðinn því sem við erum með en í mörgum flokkum er hann svipaður. Hann sagði að í KILE reikningunum væru Norðmenn heldur ekki með kostnað háðan lengd truflunar. Hann sagði að spurning væri hvort við ættum að aðlaga okkur að norska kerfinu. Ákveðið var að hugleiða þetta betur fram að næsta fundi og JV ætlar að kanna þetta betur í nágrennalöndunum.
 - 6) JV sagði að hann teldi áhugavert fyrir veiturnar að geta séð kostnað vegna skorts í einstökum truflunum og samtals fyrir ákveðið tímabil. Hann sagði að Verkfræðistofan AFL hefði tekið saman hönnun á slíku kerfi sem byggði á START skráningunni og yrði með uppfléttingu í vafrara (browser). Hann sagðist geta sýnt mönnum fyrstu útgáfu af slíku kerfi um miðjan maí. Fundarmönnum þótti þetta áhugavert og mun JV bjóða til kynningar um miðjan maí.
 - 7) JV sagði að búið væri að setja upp nýja heimasíðu fyrir hópinn og sýndi hana. Samþykkt var að opna þessa síðu í stað eldri síðu. NG lagði til að fundargerðir væru sendar fundarmönnum til samþykktar áður en þær væru setta á heimasíðuna.
 - 8) JV sagði að Nordel gögn væru tilbúin og fór yfir þau. NG ætlar að skoða þau frekar og nefndi að hann þyrfti að setja inn útskýringar vegna skerðingar í desember.
 - 9) NG spurði hvort Orkustofnun ætlaði áfram að vera með fulltrúa í hópnum en komið hefði fram hjá Ívari Þorsteinssyni að svo yrði ekki. ÓP sagði að þetta væri misskilningur það sem átt var við var að stofnunin yrði ekki virkur aðili að hópnum en mundi sitja fundi og fylgjast með starfinu. JV spurði hvort Orkustofnun mundi í

fram tíðinni gefa út skýrslur um truflanir. ÓP sagði að svo yrði líklega gert. NG nefndi hvort þörf væri á samræmingu hópsins varðandi mælingar á spennugæðum. Fljótt á titið töldu fundarmenn svo ekki vera en fyrirtækin ætla þó að skoða þessa þætti hjá sér.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn í september.

Jón Vilhjálmsson